

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

III. HLUTI

Lög og reglur um fjármagnsmarkaðinn

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs:	Lög og reglur um fjármagnsmarkaðinn		
Prófdagur:	6. maí 2015	Kl.:	16:00 til 20:00
Próftími alls:	4 klst.	Prófblöð þmt. forsiða):	3
Leyfileg hjálpargögn:	Eingöngu leyfilegt að hafa lög, reglugerðir, reglur Fjármálaeftirlitsins og NASDAQ OMX Iceland hf. (Kauphöllin, Kauphöll Íslands hf.)	Fylgiblöð:	Engin

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs.

Ef prófið fer fram í tölvuveri er úrlausnum skilað á rafrænu formi.

Ef prófi er skilað í Excel forriti skal sýna alla útreikninga og lita þá Excel-reiti sem innihalda svör gula.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ÖLL PRÓFBLÖÐ OG ALLAR PRÓFARKIR SKAL SKILMERKILEGA AUÐKENNA MEÐ PRÓFNÚMERI.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

1. verkefni – 5%

Hvað er safnreikningur og til hvers er hann?

2. verkefni – 5%

Fjallaðu um rekstrarfélög og starfsemi þeirra.

3. verkefni – 5%

Hver eru grunnsjónarmið að baki reglum um viðvarandi upplýsingaskyldu?

4. verkefni – 5%

Hvað er samkeppnistilboð og í hvaða tilgangi er það sett fram?

5. verkefni – 10%

Ræðið um hlutverk, starfsemi og helstu úrræði Fjármálaeftirlitsins.

6. verkefni – 15%

Er munur á því að vera með skráð skuldabréf eða skráð hlutabréf í Kauphöll?

7. verkefni – 15%

Landbúnaðarbankinn hf. er viðskiptabanki í skilningi 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Bankinn hefur annast eignastýringu á öllum eignum lífeyrissjóðsins Útsýnar með góðum árangri í fimm ár. Nú vill stjórn lífeyrissjóðsins að bankinn taki einnig að sér rekstur lífeyrissjóðsins.

Hefur bankinn heimild til þess? Rökstyðjið svarið.

8. verkefni – 20%

Hlynur hafði fyrir nokkrum árum keypt hlutabréf í íslensku iðntæknifyrirtæki en hlutabréf fyrirtækisins voru skráð á aðalmarkað Kauphallar Íslands. Bréfin höfðu hækkað jafnt og þétt síðustu ár og Hlynur fékk arðgreiðslur frá félaginu.

Um tveggja vikna skeið hafði virði bréfanna hækkað nokkuð á markaði. Hlynur átti vin sem starfaði í söludeild félaginu og hafði hann hitt vininn í kaffi og sagði hann Hlyni að hann hefði verulegar áhyggjur af rekstrinum og að salan væri alveg glötuð og ekkert framundan.

Hlynur hafði samband símleiðis við þjónusturáðgjafa hjá sínum banka strax daginn eftir til að heyra í honum hvort ekki væri rétt selja bréfin á þessum tímapunkti. Hlynur geymdi hlutabréfin á vörslureikningi hjá Samvinnubankanum. Ráðgjafinn sagðist skyldi skoða málið og spyrja félaga sína og hafa samband við Hlyn. Næsta dag hafði ráðgjafinn samband símleiðis og sagði að þessi hækkunarhrina undanfarnar tvær vikur væri „tímabundin

leiðrétting“ og að gengið myndi lækka aftur. Hlynur bað ráðgjafann þá um að selja bréfin sem hann og gerði.

Nú þróuðust mál með þeim hætti að gengi hlutabréfanna hélt áfram að hækka og eftir um tveggja mánaða hækkunarhrinu festist gengið um 10% yfir því gengi sem Hlynur hafði selt bréfin sín á.

Hlynur var mjög óánægður með sölnuna og leitar til þín með til hvaða úrræða hann getur gripið til.

Hvaða atriði þarf að skoða? Rökstyddu niðurstöðu þína með vísan til lagaákvæða.

9. verkefni – 20%

Í ágúst 2014 höfðu ungu hjónin Jón og Gunna samband við Samvinnubankann þar sem þau voru að leita að leið til að safna sér fyrir útborgun í íbúð. Þau fengu samband við Svein sem vann við ráðgjöf á eignastýringasviði. Þau tóku það fram við Svein á þeirra fyrsta fundi að þau hefðu fyrir hrun fjárfest í hlutabréfasjóði og ætluðu sér ekki að kaupa hluti í slíkum sjóðum aftur þar sem þau hefðu tapað mestöllu sínu sparifé í hruninu. Sveinn benti þeim þá á skuldabréfasjóð sem rekstrarfélag í eigu Samvinnubankans hafði nýlega sett á fót. Skuldabréfasjóðurinn var fjárfestingarsjóður og leist hjónunum vel á yfirlitið yfir ávöxtun sjóðsins frá stofnun og féllust að lokum á að kaupa hlutdeildarskírteini í sjóðnum.

Sveinn benti þeim ekki á áhættu sem væri samfara fjárfestingunni né nefndi hann það að eignastýringasviðið sem hann vann á fékk greitt tiltekna greiðslu frá rekstrarfélaginu fyrir sölu á hlutdeildarskírteinum í skuldabréfasjóðnum. Sveinn sagði þeim frá því að þau gætu í framtíðinni keypt fleiri hlutdeildarskírteini í sjóðnum með því að nota heimabankann og nýja appið sem Samvinnubankinn var nýbúinn að kynna í fjölmiðlum.

Jón og Gunna héldu síðan áfram að kaupa hlutdeildarskírteini reglulega og notuðu til þess ýmist heimabankann eða appið, án þess að hafa samband við Svein né neinn annan starfsmann Samvinnubankans. Jón keypti þannig hlutdeildarskírteini í sjóðnum í mars 2015, í ágúst 2016 og aftur í júlí 2017, en þá keypti hann hlutdeildarskírteini í sjóðnum fyrir 8 milljónir króna, en þann pening hafði hann fengið í arf nokkrum vikum áður. Allan tímann hækkaði gengi skuldabréfasjóðsins með reglulegum hætti.

Í ágúst 2017 hrundi íslenski fjármálamarkaðurinn á nýjan leik. Gengi hlutdeildarskírteina í skuldabréfasjóðnum, sem fjárfesti aðallega í skuldabréfum útgefnum af íslenskum fjármálafyrirtækjum hríðlækkaði.

Samvinnubankanum var skipt upp í nýjan banka og gamlan og starfaði Sveinn áfram hjá þeim nýja.

Hvaða möguleg úrræði hafa Jón og Gunna til að fá sitt tjón bætt og á hverju geta þau byggt?